



BLÖNDUÓSSBÆR	
Mótt. daga:	Málar.: 04.07.17 1707015
Bréf nr.:	Stofnahlífi: AþS 00.01.01

Fundargerð

Mánudaginn 19. júní 2017 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 10.00 á skrifstofu Félags og skólaþjónustunnar. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Valgarður Hilmarsson, Vignir Sveinsson og Halldór G. Ólafsson. Auk þess sátu fundinn: Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri, Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri og Magnús B. Jónsson, framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð af fundarmönnum.

2. Ársreikningur 2016

Rekstrartekjur samstæðu byggðasamlagsins námu 187,2 millj. króna en voru 220,2 millj. kr. árið áður og höfðu lækkað um 15% á milli ára. Rekstrargjöld námu 159,4 millj. kr. og fjármagnsgjöld 4,2 millj. kr. Rekstrarniðurstaða var því jákvæð um 23,7 millj. kr. Stjórn ræddi reikninginn en samþykkti hann svo og undirritaði.

3. Félagsþjónustan, staða og horfur

Sara Lind félagsmálastjóri fór yfir það sem hefur helst verið unnið með hjá félagsþjónustunni. Fram kom m.a. að barnaverndarmál hafa verið sett í formlegri farveg og samstarf við skólana á svæðinu aukið í barnaverndarmálum. Breyting hefur verið gerð á svokölluðum bakvaktarsíma þar sem tilkynningum um mál er nú beint til 112 sem síðan sendir mál áfram.

Unnið er að því að skýra betur verklag við afgreiðslu beiðna um heimaþjónustu og ýmsir erfiðleikar hafa verið við að fá stuðningsfjölskyldur. Umræður urðu um íbúðir í Hnitbjörgum, tölvumál ofl.

Málið var til kynningar.



4. Fræðsluskrifstofan, staða og horfur

Þórdís fræðslustjóri fór yfir helstu mál sem hafa snúið að fræðsluskrifstofunni.

Skólaþjónustan hefur gert nýjan samning við talmeinaþjónustu Tröppu en samstarfi við Ingu Huld verður haldið áfram, hún mun sinna greiningum og ráðgjöf en Trappa mun sinna nemendum með veruleg frávík í málþroska.

Einnig var gerður nýr samningur við Ester Ingvarsdóttur sálfræðing. Hún mun auka viðveru sína á svæðinu næsta skólaár.

Unnið hefur verið að læsisstefnu grunn- og leikskólanna, hún er tilbúin á báðum skólastigum en næstkomandi haust verður unnið að því að klára sameiginlegu stefnuna, bækling.

Sameiginleg stærðfræðistefna grunnskólana verður klár í september 2017.

Félags- og skólaþjónustan hefur fengið styrk að upphæð 486.000 frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla. Hann verður nýttur fyrir ráðgjöf v. námsmats í skólum, með áherslu á leiðsagnarmat og fjölbreytta kennsluhætti.

Félags- og skólaþjónustan hefur tekið upp ONE skráningarkerfið.

5. Eignir, viðhald og endurbætur:

a. Ægisgrund 2-8, gluggar

Fyrir fundinum lá hönnun og kostnaðarmat á endurnýjun glugga á vesturhlið Ægisgrundar 2-8, á Skagaströnd sem framkvæmdastjóri kynnti og greindi frá því að gluggar í húsinu séu orðnir mjög fúnir og ekki sé talið skynsamlegt að gera við þá. Rætt um málið og framkvæmdastjóra falið að kanna verð á plastgluggum til samanburðar og sömuleiðis hvort framkvæmdin sé styrkhæf úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

b. Ægisgrund 14, þakkantar

Fyrir fundinum lá kostnaðarmat á að endurnýja stálklæðningu á þakköntum Sæborgar sem voru skildir eftir við endugerð og viðgerðir á þaki og gluggum hússins. Áætlunin nemur 2,2 milljónum. Framkvæmdastjóra falið að kanna hvort verkefnið sé styrkhæft úr Framkvæmdasjóði aldraðra.



c. Hnitbjörg, íbúðir (erindi vegna úrbóta)

Fyrir fundinum lá bréf Jóns Helga Þórarinssonar fyrir hönd Bryndísar Júlíusdóttur og Einars Höskuldssonar þar sem farið er yfir ágalla og endurbótaþörf á íbúð í Hnitbjörgum.

Erindið var rætt og framkvæmdastjóra falið að fá hönnun á breytingum á íbúðinni og öðrum íbúðum og kostnaðarmat á framkvæmd. Stjórn var sammála um að rétt sé að stefna að því að taka 1-2 íbúðir fyrir á hverju ári eftir því sem stendur á um útleigu þeirra og endurbæta þær. Sérstaklega er horft til úrbóta á baðherbergjum og eldhúsaðstöðu.

6. Málefni fatlaðra, húsnæðismál = Skúlabraut 22/aðrar lausnir.

Fyrir fundinum lá grunnmynd af hugsanlegum breytingum á sambýlinu að Skúlabraut 22 á Blönduósi þar sem miðað er við að stækka húsið með það að markmiði að hver íbúi hafi sér íbúð en sameiginlegt rými verði þó áfram til staðar. Einnig lá fyrir fundinum grunnmynd af íbúðum að Kleifartúni 17-25 á Sauðárkróki sem eru byggðar sem einstaklingsíbúðir fyrir fatlaða. Fram kom að sennilega sé heppilegra að horfa til einstaklingsíbúða fremur en sambýlisformsins þar sem það henti breiðari hópi fatlaðra einstaklinga.

Samþykkt að vinna áfram að málinu í samstarfi við þá sem fara með málefni fatlaðra hjá sveitarfélaginu Skagafirði og aðra sem tengjast málaflokknum. Rætt var um möguleikann á að sameina eignarhald á húsnæði fyrir fatlaða á Norðurlandi vestra.

7. Önnur mál

Engin mál tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 12.50

Jón Gíslason,

Vignir Sveinsson,

Valgarður Hilmarsson,

Halldór G. Ólafsson

Sara Lind Kristjánsdóttir

Þórdís Hauksdóttir

Magnús B. Jónsson